

Kirkjuþing 2023-2024

12. mál - þskj. 12a

TILLAGA

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um vígslubiskupa nr. 33/2022-2023.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni.

Frsm. Steindór R. Haraldsson.

1. gr.

Við 2. gr. starfsreglnanna bætist ný mgr., 4. mgr., sem orðast svo:

Vígslubiskup Skálholtsumdæmis gegnir prófastsskyldum í Suðurprófastsdæmi og vígslubiskup Hólaumdæmis í Húnavatns - og Skagafjarðarprófastdæmi, þar til annað verður ákveðið.

2. gr.

6. gr. breytist og orðast svo:

Vígslubiskupar veita úrlausn í málum sem prófastar vísar til þeirra, sbr. þó 4. mgr. 2. gr.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða:

Starfandi prófastar í Suðurprófastdæmi og Húnavatns - og Skagafjarðarprófastdæmi gegna prófastsskyldum uns þeir láta af prestsþjónustu eða útnefning til prófastsstarfa fellur niður.

Greinargerð.

Tilsjónarkerfi íslensku þjóðkirkjunnar hefur í seinni tíð orðið flókið. Með fram komu vígslubiskupsembættanna sem sjálfstæðra embætta eru nú tvö millistig milli safnaða og biskups þar sem eru prófastar og vígslubiskupar.

Prófastar hafa starfað um langan aldur í kirkjunni. Hlutverk þeirra hafa þó verið mjög breytileg, fjöldi þeirra misjafn og umdæmi þeirra með ýmsum hætti. Hefur staða prófasta á hverjum tíma mótast af ytri aðstæðum svo sem samgöngum og samskiptatækni, en próföstum var lengi ætlað að vera helstu trúnaðarmenn biskups og milliliðir milli hans og prestanna í prófastsdæminu. Miðað við þá byltingu sem orðið hefur á þessum sviðum virðist þörf fyrir

slíkan millilið hafa horfið að mestu. Miklu veldur nú að prestaköll hafa stækkað og þeim fækkað við sameiningar. Ef vel tekst til með sameiningarnar mynda prestaköllin traustar starfseiningar sem í mörgu tilliti geta komið í stað prófastdæma við núverandi skipan. Þrátt fyrir það kann að vera nauðsynlegt að prófastar starfi áfram en þá einkum sem forystumenn í kirkjulegu samstarfi og öðrum þróunarverkefnum.

Flækjustigið í tilsjónarkerfinu jókst við þá breytingu er varð þegar vígslubiskupsembættin urðu að fullu starfi skömmu fyrir síðustu aldamót. Segja má að tilsjónarkerfið í heild sinni hafi ekki verið þróað til fulls á grundvelli þessarar nýskipunar. Markmið þessarar tillögu er að skapa svigrúm til að endurhugsa hlutverk og verkaskiptingu milli prófata og vígslubiskupa og einfalda þessa yfirbyggingu kirkjunnar, auka skilvirkni í tilsjón og annarri kirkjulegri forystu og þar með spara fjármuni sem gætu nýst betur í starfi kirkjunnar.

Lagt er til að vígslubiskupunum verði fyrst um sinn eða þar til annað verði ákveðið falið að gegna starfi prófata í þeim prófastsdæmum sem næst eru biskupsstólunum og munu losna á næstunni. Meðan sú staða verði hlutverk prófata og vígslubiskupa þróuð áfram og metið í ljósi niðurstöðunnar hversu margir prófastar verði starfandi og hvaða hlutverk vígslubiskupum verða falin svo sem áframhaldandi prófastsstörf og/eða störf (sóknar-)presta.